

eigi hefir neitt verið fundið að. Eptir atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Það athugast, að hin veitta gjafsókn og gjafvörn er ekki heimilud í lögum 12. júlí 1878, og verða hinum skipuðu málfutningsmönnum því ekki dæmd nein málfærslulaun. Það vottast, að sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Lögtaksgjörðin og undanfarandi fógatarjettarúrskurður á að vera óraskað. Málskostnaður falli niður.

Nr. 48/1895.

Kauptjelag Skagfirðinga og  
Húnvetninga  
gegn  
hreppsnefndinni í Sauðárhreppi.

D ó m u r:

Haustið 1894 lagði hreppsnefndin í Sauðárhreppi sveitarútsvar á kaupfjelag eða pöntunarfjelag Skagfirðinga og Húnvetninga, að upphæð 133 kr. 51 e., en hún áleit að tjeð fjelag hefði adaladsetur sitt á verzlunarstaðnum Sauðárkróki í nefndum hreppi. Kaupfjelagið greiddi þó eigi útsvarið, og krafðist hreppsnefndin þess þá, að sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu ljeti taka gjaldið lögtaki. Samkvæmt þessari kröfu hjelt sýslumaðurinn fógatarjett á Sauðárkróki 26. sept. f. á., og eptir að

hann með úrskurði hafði hrundið mótmælum formanns kaupfjelagsins, sem voru þess efnis, að eptir eðli og ásigkomulagi fjelagsins væri því ekki skylt að greiða aukaútsvar, gjörði fúgetinn lögtakið fyrir sveitargjaldinu og kostnaði, og tók í lögtakið fjármuni tilheyrandi fjelaginu, er virtir voru á 400 kr. Fúgetarjettarúrskurði þessum og lögtaksgjörðinni hefir stjórñ kaupfjelags eða pöntunarfjelags Skagfirðinga og Húnvetninga áfrýjad til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 31. okt. í. á., og krafizt þess, að úrskurðurinn og lögtakið sjálft verði fellt úr gildi, og að hreppsnefndin í Saudárhreppi verði dæmd til að greiða allan kostnað málsins skaðlaust eða með nægilegri upphæð eptir mati rjettarins. Hin stefnda hreppsnefnd, sem hefir fengið gjafvörn og skipaðan málf lutningsmann, hefir af sinni hálfu krafizt þess, að lögtaksurskurðurinn og lögtaksgjörðin verði staðfest, og að kaupfjelagið verði dæmt til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar á meðal hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða málfærslumanns nefndarinnar.

Eptir skýrslu áfrýjanda er kaupfjelag eða pöntunarfjelag Skagfirðinga og Húnvetninga stofnað í þeim tilgangi, að losa fjelagsmenn við verzlunarskuldir, efla vöruvöndun og útvega fjelagsmönnum betra vöruverð en áður og hagfeldan markað fyrir vörur sínar; í þessu skyni eru útlendar vörur keyptar í samlögum af fjelagsmönnum og í stórkaupum, og íslenzkar vörur aptur sendar út í samlögum á ábyrgð fjelagsmanna; hinar pöntuðu útlendu vör-

úr eru fluttar til Saudárkróks og þar afhentar fjelagsmönnum samkvæmt því, sem hver þeirra hefir pantað; þar á Saudárkróki á fjelagið eða fjelagsmenn í sameiningu vörugeymsluhús og uppskipunar- og útskipunaráhöld; fjelagið hefir engan fastan þjónustumann á Saudárkróki, en formaður þess sjer um afhendingu og móttöku á vörum fjelagsmanna og fær sjer aðstoð til þess eptir þörfum. Störf fjelagsins á Saudárkróki, sem fólgin eru í móttöku og afhendingu, uppskipun og útskipun á vörum, stendur í hæsta lagi yfir 2 mánuði á ári hverju. Formaður fjelagsins er ekki heimilisfastur á Saudárkróki, en nú sem stendur á hann heima í Saudárhreppi; fjelagið sjálft hefir ekkert annað heimilisfang en fjelagsmenn, og heimilisfang fjelagsstjórnarinnar er eigi bundið við Saudárkrók nje Saudárhrepp. Fjelagið hefir alls enga útsölu á vörum á Saudárkróki nje annarsstaðar; það hefir engan sjóð og er ekkert gróðafyrirtæki. Þessi lýsing áfrýjanda á markmiði fjelagsins, starfi þess og fyrirkomulagi kemur í öllu verulegu heím við lýsingu hinna stefndu á fjelaginu og starfi þess. Þeir segja að visu, að það sje stofnað til að koma á arðsamari verzlun, og vilja kalla það með tilliti til þess arðsama stofnun eða fyrirtæki. En þó að tilgangur fjelagsins sje að koma á betri verzlun, þarf það eigi fyrir þá skuld að vera arðsöm stofnun eða fyrirtæki. Hiur stefndu halda því fram og leggja áherzlu á það, að fjelagið hafi aðalaðsetur (e. heimili) sitt á Saudárkróki, en þeir hafa ekki sýnt, að Saudár-

krókur sje frekar eða á annan hátt aðaladsetur þess en áfrýjandi hefir sjálfur skýrt frá og tilgreint er hjer að framan. Loksins hafa þeir haldið því fram, að fjelagið hafi fastan afhendingarmann (ársmann) á Sauðárkróki, og að það reki þar starf sitt allan árshringinn, en hvorutveggju þessu hefir áfrýjandi neitað, og jafnframt skýrt frá, hvernig þessu sje í raun og veru varið, og hafa stefndu alls eigi sannað framsögn sína gegn þessari neitun áfrýjanda. Samkvæmt hinu framanskriðaða verður að taka til greina skýrslu áfrýjanda um markmið, fyrirkomulag og verkahring fjelagsins, sem hinir stefndu hafa eigi vefengt að öðru leyti en talið er að ofan, en eptir henni getur kaupfjelagið eigi talizt arðsöm stofnun eða fyrirtæki á Sauðárkróki eða í Sauðárhreppi, og var því eigi heimild til þess að leggja sveitarútsvar á það í hreppi þessum, hvorki eptir lögum nr. 1, 9. jan. 1880 nje lögum nr. 12, 9. ágúst 1889. Það verður því eptir kröfu áfrýjanda að fella úr gildi hinn áfrýjaða fúgetarjettarúrskurð og lögtaksgjörð, og samkvæmt lögum nr. 29, 16. desbr. 1885, 13. gr., verður að dæma hina stefndu hreppsnefnd til að greiða áfrýjanda kostnað málsins skaðlaust. Hinum skipaða verjanda hreppsnefndarinnar verða eigi dæmd málsvarnarlaun eptir þessum úrslitum, en það vottast, að málsvörnin af hans hendi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera

Hinn áfrýjaði fúgetarjettarúrskurður og

lögtaxsgjörð á að vera ógild. Hin stefnda, hreppsnefndin í Sauðárhreppi, greiði áfrýjanda, stjórn kaupfélags Skagfirðinga og Húnavetninga, kostnað máls þessa að skadlausu, áður liðnar eru 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 57/1895. P. Nielsen fyrir hönd verzlunar Lefoliis á Eyrarbakka gegn hreppsnefndinni í Ölfushreppi.

D ó m u r :

Verzlun stórkaupmanns Lefoliis á Eyrarbakka í Árnessýslu á 3 geymsluhús, tvö fyrir salt og eitt fyrir fisk í Þorlákshöfn í Ölfushreppi í sömu sýslu, og hefir verzlunin að undanfögnu látið veita blautum fiski móttöku þar, geymt hann í húsunum, eptir því sem á hefir staðið, og síðan flutt hann til Eyrarbakka og látið verka hann þar; enn fremur hefir verzlunin árlega haft salt í húsunum og afhent það þar viðskiptamönnum sínum. Hreppsnefndin í Ölfushreppi hefir álitíð, að Lefolii með þessu móti hafi rekið verzlun eða arðsamt fyrirteki í Þorlákshöfn, og lagði því aukaútsvar, að upphæð 100 kr., á hann eða verzlun hans í Þorlákshöfn haustið 1894. Verzlunarstjóri Lefoliis á Eyrarbakka, P. Nielsen, neitaði að greiða aukaútsvarið, og krafðist hreppsnefndin þess þá, að það væri tekið lögtaki. Hjelt sýslumaðurinn í Arnes-